

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2023.

HRFÍ

gegn

xx og xx

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 5.desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærðu hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 12.04.2022 kom í ljós að Miniature Schnauzer rakinn xx var ekki með gilda augnskoðun fyrir pörun. Eigandi tíkarinnar og ræktendur gotsins eru xx og xx . Eigandi rakkans xx.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að MINIATURE SCHNAUZERE undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal vegna PRA-B. Lágmarksaldur við pörun er 20 mánuðir.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25.janúar 2023 og þeim gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað Miniature Schnauzer xx án þess að fyrir lægi gilt augnvottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærðu teljast hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærðu hljóta áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen